

ÁHERSLUVERKEFNI SSNE 2020

Heiti verkefnisins	Stofnun þróunarvettvangs matvælavinnslu á Akureyri
Markmið	<p>Til stendur að stofna þróunarvettvang á Akureyri í samstarfi fyrirtækja í matvælaframleiðslu, þróun tæknilausna, rannsóknnum, háskóla og annarra hagsmunaaðila. Lagt er upp með skrifstofurými, fundaraðstöðu og rannsóknar- og vinnslusali. Þar verður unnið að nýsköpun og rannsóknnum á sviði framleiðslu og vinnslu hráefnis til matvælavinnslu í þeim tilgangi að stuðla að verðmætasköpun og vera í fararbroddi þróunar tæknilausna. Vinnuhópur hefur síðast liðið ár unnið að undirbúningsvinnu og nú er komið að því að hrinda í framkvæmd stofnun félags um rekstur þróunarvettvangs. Með þessu verkefni er ætlunin að ráða til verksins umsjónarmann sem sér um að tengja saman hagsmunaaðila, koma félaginu á fót og tryggja rekstrargrundvöll þess. Áætlað er að stofnun og uppbygging Þróunarvettvangs taki um 12 mánuði en vettvangurinn hefur það langtímamarkmið að vera sjálfbær rekstrareining í eigu þeirra hagsmuna- og stofnaðila sem að vettvangnum koma.</p>
Stutt verkefnalýsing (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlanir séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Á norðurlandi liggja mörg sóknarfæri í auknu samstarfi fyrirtækja í matvælaframleiðslu, þróun tæknilausna og rannsóknnum sem byggja á staðbundnum áherslum, einkum bolfisk- og kjötvinnslu. Stór hluti bolfiskafla landsins er unninn í norðlenskum fiskvinnslum sem telja nú til fullkomnustu vinnsluhúsa á heimsvísu hvað varðar sjálfvirknivæðingu. Á svæðinu eru kjötvinnslur sem teljast til þeirra stærstu á landinu og landbúnaður er öflugur. Að framansögðu er góður grundvöllur fyrir tæknivettvang þar sem aðilar á svæðinu geta unnið saman að nýsköpun í matvælavinnslu, þróun tæknilausna og gagnasafna til aukinnar verðmætasköpunar. Samfélagið býr að aðstöðu til líftæknirannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegsfræða við Háskólann á Akureyri, þar sem Matís kemur einnig að kennslu og rannsóknnum.</p> <p>Starfstöð Matís á Akureyri er í uppbyggingu og framtíðarsýn starfstöðvarinnar er að þar verði virkur samstarfsvettvangur milli Matís, Háskólans á Akureyri og fyrirtækja á svæðinu, bæði í matvælaframleiðslu, þróun tæknilausna og upplýsingatækni. Hugmyndin er að Matís geti verið í samrekstri með þróunarvettvang og hluti af rannsóknaraðstöðu og skrifstofurými verði þar, sem og á háskólasvæðinu.</p> <p>Verk- og kostnaðaráætlun á 12 mánaða tímabili:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Verkliður: Stofnun félags (sjálfseign eða hlutafélag): <ol style="list-style-type: none"> a. Skráning og eigið fé, 1.500.000 kr. 2. Verkliður: Samræma hlutaðila, rekstaraáætlun og verkefnaöflun <ol style="list-style-type: none"> a. Laun umsjónarmanns, 7.000.000 kr. b. Laun starfsmanna Matís á AK, 3.000.000 kr. 3. Verkliður: Húsnæði

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<p>a. Uppsetning húsnæðis/skrifstofugögn: 1.500.000 kr. b. Flutningar/uppsetning á tækjakosti: 2.000.000 kr.</p> <p>Samtals 15.000.000 kr. og áætlaður verktími við stofnun er 12 mánuðir. Á fyrsta ári rekstrar er ekki gert ráð fyrir kaupum á tækjabúnaði en aðilar vettvangs munu leggja til tækjakost eftir þörfum verkefna og fylgir því kostnaður við uppsetningu og aðlögun í vinnslusal.</p>
Framkvæmdaraðili	Matís ohf., Slippurinn ehf., Kjarnafæði hf.
Samstarfsaðilar	Undirbúningsnefnd þróunarvettvangs saman stendur af aðilum frá Matís, Háskólanum á Akureyri og fulltrúum margra fyrirtækja á svæðinu.
Tengsl við sóknaráætlun	<p>Við teljum verkefnið mikilvægan þátt í að fylgja eftir núverandi sóknaráætlun en á bls. 9 Sóknaráætlunar 2020-2024 kemur fram að vilji sé til að stofna hér þróunarmiðstöð fyrir matvælaframleiðslu. Auk þess uppfyllir verkefnið og styður við:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Aukin tengsl háskóla og atvinnulífs • Stuðningur við nýsköpun, • Aukning opinberra sérfræðistarfa (aukning í fjölda starfsmanna Matís) • Stofnun þróunarmiðstöðvar fyrir matvælaframleiðslu • Nýting tækifæra í fjórðu innbyltingungunni • Styrking innviða • Styrking á stuðningsumhverfi í nýsköpun og fjölgun á nýsköpunarverkefnum.
Tengsl við heims- markmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið fellur beint að heimsmarkmiðum 8 og 9 þar sem það stuðlar að aukinni nýsköpun, sjálfbærni í matvælaframleiðslu og atvinnuuppbygginu á svæðinu Einnig tengist það markmiðum 10, 11 og 12 þar sem það hvetur til bættrar nýtingar og framleiðslu úr staðbundnu hráefni, jafnar hlut landsbyggðar og eflir svæðisbundið samfélagið.
Árangursmælikvarðar	<p>Árangursmælikvarðar þessa verkefnis felast í stofnun félags um rekstur þróunarvettvangs, að koma á fót aðstöðu í húsnæði og tengja saman hluthafa og hagsmunaaðila. Þessari vinnu á að vera lokið innan eins árs og þá er markmiðið að þróunarvettvangurinn verði innan tveggja ára sjálfbær rekstrareining með tvo starfsmenn í fullu starfi.</p> <p>Auka þess hefur undirbúningsnefnd sett fram eftirfarandi: Mælanleg markmið þróunar- og nýsköpunarvettvangs á Akureyri eru að:</p> <ul style="list-style-type: none"> • vera eftirsóknarverður samstarfsaðili fyrir þróun og nýsköpun • auka verðmætasköpun í matvælaíðnaði • þróa nýjar tæknilausnir fyrir iðnaðinn

Sóknaráætlanir landshluta - áhersluverkefni

	<ul style="list-style-type: none"> • framleiða einkaleyfi og tryggja eignarrétt á hugverkum sem leiðir til nýsköpunar • stuðla að aukinni menntun og þekkingarstigi í greininni • styðja við frumkvöðla í greininni
Lokafurð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	Vinnslutæknivettvangurinn er hugsaður fyrir aðila á svæðinu sem og á landinu í heild. Hann skapar tækifæri til aukins samstarfs, hugverka og heildarlausna í iðnaðinum með því að leiða saman aðila með ólíka þekkingu og fagsvið. Þar er hægt að slíta þróunarvinnu og tilraunir út úr daglegum rekstri matvælaframleiðenda og vinna að rannsóknum og frumgerðum nýrra lausna. Áherslur vettvangsins eru á nýjar tæknilausnir og frumvinnslu hráefnis. Þessi grunnur skapar frekari tækifæri fyrir vöruþróun og verðmætasköpun aftar í virðiskeðjunni og er því grundvöllur fyrir góðu samspili við matarsmiðjur og frumkvöðla. Nýjar vörur og ferlar kalla síðan aftur á framleiðslulausnir til vettvangsins. Þannig byggir vettvangurinn undir atvinnutækifæri og styður við rannsóknir í vinnslu- og líftækni.
Upphaf og lok verkefnis	Ágúst 2020 til Ágúst 2021, áætlað er að vinna við stofnun og uppbyggingu fari fram á 12 mánaða tímabili.
Heildarkostnaður (pr. ár á verkefnatíma)	Gert er ráð fyrir að kostnaður við stofnun og skipulagningu þróunarvettvangs næsta árið verði 15.000.000 kr. Stærstur hluti þess er launakostnaður starfsmanns sem ráðinn verður til að hafa yfirumsjón um uppsetningu og skipulagningu vettvangsins. Auk þess er gert ráð fyrir kostnað við vinnu starfsmanna Matís, stofnkostnað félags og aðlögun húsnæðis og búnaðar.
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2020 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.000.000 kr.
Mótframlag (ef við á)	Áætlað er að mótframlag til verkefnisins verði í formi hlutafjár stofnaðila þróunarvettvangs.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	Verkefnið styrkir áætlun stjórnvalda um uppbyggingu Matís og menntastofnanna á landsbyggðinni.